

25

6. febr.

## KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þareð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian *Frederik* Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

*Gjört á Amaliuborg, 6. febrúar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*

26

9. marz

## KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkistjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 6. f. m., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprins Christian *Frederik* Franz Michael Carl Valdemar Georg.

*Gjört í Gedser, 9. marz 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*